

## Fundur stjórnar FMR 20. ágúst 2019 klukkan 17-18:30.

Mætt: Sigríður Björnsdóttir, Ragný Guðjohnsen, Katrín Heiðar, Erlendur Svavarsson, Bryndís Kristjánsdóttir og Thor Aspelund.

Elísabet Siemsen rektor og Einar Hreinsson nýráðin konrektor ræddu við okkur í upphafi fundarins.

- 1) Í skólanum eru 10 bekkir, 3 árgangar. 666 nemendur í skólanum í dag. Ákveðið að halda áfram að styðja „edrúpottin“ með sömu upphæð **240 000 krónur fyrir hvert ball**. Hugmynd að hafa fleiri vinninga og hafa þá 2 x15 000, 4 x10 000, 2 x 5 000 króna gjafbréf fyrir hvern árgang. Þá eru 8 vinningar á hvern árgang sem eykur verulega líkurnar að fá vinning og meira hvetjandi fyrir alla að vera með í edrúpottinum.
- 2) Fundur fyrir foreldra nýnema verður í Ráðhúsinu þriðjudaginn 27. ágúst klukkan 20. Ragný Guðjohnsen sem fráfarandi formaður mun hafa stutta kynningu á Foreldrafélagi MR. Gott ef einhver sem verður áfram í stjórn geti verið með.
- 3) Foreldrafélagið mun gefa **700 000 krónur** til kaupa á nýjum húsgögnum í Cösu.
- 4) Foreldrafélagið mun styrkja í samráði við Ágúst Ólafsson leikfimiskennara að allir bekkir fái jóga/slökun í eina viku í leikfimi í vetur. Búið að fá jógakennara/hjúkrunarfræðinga sem ætla að taka að sér verkefnið og mun það kosta **250 000 krónur**
- 5) Valgreiðsluseðlarnir, um það bil 40 % af foreldrum greiddu á fyrra skólaári. Ákveðið að halda sömu upphæð þ.e.a.s **4000 krónur per nemandi/fjölskyldu** (einn valgreiðsluseðill á fjölskyldu ef fleiri börn eru í skólanum í sömu fjölskyldu). Mikilvægt að hvetja alla til að vera með og greiða valgreiðsluseðlana.
- 6) Allir í stjórninni geta sett inn á Facebook síðu foreldrafélagsins auglýsingar eða upplýsingar um það sem er að gerast í skólanum. Endilega verum dugleg að halda síðunni lifandi og setja inn sem mest af upplýsingum.
- 7) Ragný, Sigrún og Þórður munu hætta í stjórn í haust þar sem börn þeirra eru að útskrifast. Við þökkum þeim fyrir frábært starf í stjórn FMR.
- 8) Stefnum á að hafa aðalfund FMR í október. Sendum út tillögur að dagsetningu innan skammst og gott væri að allir myndu koma með tillögur að góðu efni og fyrirlesurum.
- 9) Næsti stjórnafundur áætlaður um miðjan/lok sept, fyrir aðalfundinn.

Fundi sliti.

Sigríður Björnsdóttir, ritari